

Embættisafgreiðslur skrifstofu borgarstjórnar 6. júlí 2017 - R17070001

Málsnr.	Erindi:	Afgreiðsla:
	Fundargerðir:	
R17010024	Fundargerð 444. fundar stjórnar samtaka sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu frá 6. júní 2017	Sent borgarfulltrúum til kynningar.
	Annað:	
R17060225	Erindi skóla- og frístundasviðs, dags. 27. júní 2017, um viðbrögð við fjölgun nemenda í Fossvogsskóla.	Sent umhverfis- og skipulagssviði til meðferðar.
R17050017	Framlengdur umsagnarfrestur um frumvarp til laga um þjónustu við fatlað fólk með miklar stuðningsþarfir - 438. mál	Sent velferðasviði til umsagnar.
R17050018	Framlengdur umsagnarfrestur um frumvarp til laga um félagsþjónustu sveitarfélaga (innleiðing samnings SP um réttindi fatlaðs fólks, stjórnarsýsla og húsnæðismál) - 439. mál	Sent velferðarsviði til umsagnar.
R17060228	Fyrirspurn borgarráðsfulltrúa Sjálfstæðisflokksins um kostnað við þátttöku Reykjavíkurborgar í borgarhátíðinni La Mercé, dags. 29. júní 2017.	Sent skrifstofu borgarstjóra og borgarritara til umsagnar.
R17050144	Erindi Samtaka sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu. dags. 18. maí 2017, um samkomula um miðlun upplýsinga vegna daggæslu í heimahúsum.	Sent skóla- og frístundasviði til umsagnar.
R17060226	Tillaga borgarráðsfulltrúa Framsóknar og flugvallarvina varðandi framsalstakmarkanir við endurnýjun lóðarleigusamninga, dags. 29. júní 2017.	Sent skrifstofu eigna og atvinnuþróunar til umsagnar.
R17060227	Tillaga borgarráðsfulltrúa Sjálfstæðisflokksins um úthlutun lóðar í Suður-Mjódd til félags eldri borgara, dags. 29. júní 2017.	Sent skrifstofu eigna og atvinnuþróunar til umsagnar.



STJÓRN SSH 444. fundur

Þriðjudaginn 6. júní 2017, kl. 12:15, kom stjórn SSH saman til fundar á skrifstofu samtakanna, Hamraborg 9, Kópavogi.

Fundinn sátu: Ármann Kr. Ólafsson, Haraldur Líndal Haraldsson, Dagur B. Eggertsson, Ásgerður Halldórsdóttir, Gunnar Einarsson og Haraldur Sverrisson

Fjarverandi: Guðný Ívarsdóttir.

Páll Guðjónsson, framkvæmdastjóri SSH, sat einnig fundinn og ritaði fundargerð.

Stjórnarformaður SSH, Ármann Kr. Ólafsson setti fund og stýrði.

Þetta gerðist:

1. Lífeyrisskuldbindingar sveitarfélaganna

Birgir Björn Sigurjónsson fjármálastjóri Reykjavíkurborgar sat fundinn undir þessum dagskrárlið ásamt Guðjóni Friðrikssyni úr Garðabæ og Ingólfi Arnarsyni frá Kópavogsbæ.

Farið var yfir nýjar og breyttar reglur vegna lífeyrisskuldbindinga, áhrif aldurstengdra réttinda o.fl., sem og áhrif þessra breytinga á lífeyrisskuldbindingar sveitarfélaganna, meðferð þeirra í bókhaldi og reikningsskilum sveitarfélaganna og framkvæmd uppgjors við lífeyrissjóðina vegna þessa.

Umræður

Niðurstaða:

Samþykkt að boða til aukastjórnarfundar þriðjudaginn 13. júní til frekari yfirferðar um málið og kalla til fundarins framkvæmdastjóra Lífeyrissjóðsins Brúar og framkvæmdastjóra Sambands íslenskra sveitarfélaga.

2. BORGARLÍNA /málsnr. 1610002

Fundinn sátu undir þessum dagskrárlið Hrafnkell Á. Proppé svæðisskipulagsstjóri og Eyjólfur Árni Rafnsson verkefnisstjóri Borgarlínu.

a) Fyrir fundinum lá minnisblað vegna framvindu og stöðu verkefnisins.

Fram kom að meginverkefni vegna undirbúnings Borgarlínunnar eru í samræmi við fyrirliggjandi tímaáætlun. Formleg kynning á vinnslutillögu að legu Borgarlínunnar er í auglýsingarferli í samræmi við verkáætlun um innleiðingu línunnar í svæðisskipulag og aðalskipulag sveitarfélaganna

Upplýst var um niðurstöðu fundar 16. maí sl. með samgönguráðherra og niðurstöðu þess fundar sem fól m.a. í sér að ráðuneytið kemur til samstarfs við SSH um undirbúning að innleiðingu Borgarlínu og heildstæða greiningu á samgöngukerfum á höfuðborgarsvæðinu og mun ráðuneytið skipa sérstaka fulltrúa í sameiginlega stýrihóp vegna þessa.

b) Kynningarmál – skráning á léni og firmaskráning vegna Borgarlínunnar.



Framkvæmdastjóri upplýsti að SSH væri skráður eigandi að léninu borgarlín.is og það lén væri tilbúið til notkunar vegna kynningar á Borgarlínunni. Jafnframt upplýsti framkvæmdastjóri að hann hefði falið KPMG að undirbúa skráningu á Borgarlínu ehf. til að tryggja yfirráð yfir firmaheitinu.

Samþykkt að fela framkvæmdastjóra og stjórnarformanni að ganga frá yfirtöku SSH á firmanu.

c) Erindi Fluglestarinnar frá 3. apríl 2017.

Fyrir fundinum lá ný tillaga Fluglestarinnar-þróunarfélags ehf. að samkomulagi við SSH og 3 aðildarsveitarfélög vegna mögulegs samstarfs við undirbúning að legu hraðlestar milli Keflavíkur og Reykjavíkur, ásamt minnisblaði svæðisskipulagsstjóra og verkefnisstjóra Borgarlínu vegna málsins.

Umræður.

Niðurstaða:

Samþykkt að senda tillögu Fluglestarinnar-þróunarfélags ehf. ásamt ofangreindu minnisblaði til efnislegrar umfjöllunar hjá aðildarsveitarfélögunum. Jafnframt var samþykkt að óska eftir lögfræðilegu álit Jónhannesar Karls Sveinssonar á fyrirbyggjandi samningstillögu með hliðsjón af fyrri greinargerð hans um málið.

Fleira ekki gert – fundi slitið kl. 14:00



Ráðhús Reykjavíkur
Borgarráð

Efni: Fjölgun nemenda í Fossvogsskóla

Nemendum Fossvogsskóla hefur fjölgað jafnt og þétt undanfarin ár. Skólinn er byggður fyrir 320 nemendur og tvo bekki í hverjum árgangi en á næsta ári er gert ráð fyrir um 350 nemendum og þremur bekkjum í þremur árgöngum. Árið 2020 mun nemendafjöldinn verða 384 nemendur miðað við núverandi nemendaspá en einnig er gert ráð fyrir þéttingu byggðar í þessu hverfi þó hún sé ekki mikil getur hún haft áhrif.

Laugardalur-Háaleiti						Spá		
Fjöldi nemenda og spá	2014	2015	2016	2017	2018	2019	2020	2021
Fossvogsskóli	337	335	345	361	363	373	384	362

Til þess að koma til móts við þessa fjölgun þarf að bæta færanlegum kennslustofum á lóð skólans og gera breytingar á núverandi húsnæði skólans. Þörfin næsta haust eru tvær færanlegar stofur en mögulega er hægt að bæta við einni kennslustofu á þessu ári og svo bæta annarri við á næsta ári og svo fleiri eftir þörfum næstu ár. Gott er að hafa í huga að verið er að fara í lokaáfangi á endurnýjun lóðar Fossvogsskóla og skynsamlegt að gera þann hluta lóðarinnar sem myndi henta undir færanlegar stofur á sama tíma. Staðsetning stofanna yrði austan megin við skólann en þar yrði ekki rask á leiksvæði barna eða truflun við nágranna.



Virðingarfyllst

Helgi Grímsson

Helgi Grímsson
sviðsstjóri skóla- og frístundasviðs

Notandi: "Kristjana Benediktsdóttir" <krb@althingi.is>
Dagsetning: 29.6.2017 09:48:26
Efni: Frá nefndasviði Alþingis - lengri umsagnarfrestur um tvö þingmál

29. júní 2017

Frá nefndasviði Alþingis.

Varðar frumvarp til laga um þjónustu við fatlað fólk með miklar sérþarfir, 438. mál, og frumvarp til laga um félagsþjónustu sveitarfélaga, 439. mál.

Ágæti viðtakandi.

Ofangreind þingmál voru send til umsagnar 3. maí sl. og var umsagnarfrestur gefinn til 12. maí til að skila umsögnum. Frumvörpin hlutu ekki afgreiðslu fyrir þingfrestun í vor en þar sem velferðarnefnd hefur málin til umræðu í sumar gefst umsagnaraðilum kostur á að senda umsögn eða viðbótarumsögn, eftir því sem við á, áður en þing kemur aftur saman í byrjun september.

Vinsamlegast sendið umsögn á netfang nefndasviðs: nefndasvid@althingi.is

Kveðja

Kristjana Benediktsdóttir
skjalavörður
skrifstofu Alþingis, nefndasviði
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík
sími 563-0433, fax 563-0430
www.althingi.is

Notandi: "Kristjana Benediktsdóttir" <krb@althingi.is>
Dagsetning: 29.6.2017 09:48:26
Efni: Frá nefndasviði Alþingis - lengri umsagnarfrestur um tvö þingmál

29. júní 2017

Frá nefndasviði Alþingis.

Varðar frumvarp til laga um þjónustu við fatlað fólk með miklar sérþarfir, 438. mál, og frumvarp til laga um félagsþjónustu sveitarfélaga, 439. mál.

Ágæti viðtakandi.

Ofangreind þingmál voru send til umsagnar 3. maí sl. og var umsagnarfrestur gefinn til 12. maí til að skila umsögnum. Frumvörpin hlutu ekki afgreiðslu fyrir þingfrestun í vor en þar sem velferðarnefnd hefur málin til umræðu í sumar gefst umsagnaraðilum kostur á að senda umsögn eða viðbótarumsögn, eftir því sem við á, áður en þing kemur aftur saman í byrjun september.

Vinsamlegast sendið umsögn á netfang nefndasviðs: nefndasvid@althingi.is

Kveðja

Kristjana Benediktsdóttir
skjalavörður
skrifstofu Alþingis, nefndasviði
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík
sími 563-0433, fax 563-0430
www.althingi.is

BORGARRÁÐ 29. júní 2017: Fyrirspurn borgarráðsfulltrúa um kostnað vegna þátttöku Reykjavíkurborgar í borgarhátíðinni La Mercé - R17060228

Fulltrúar Sjálfstæðisflokksins óska eftir upplýsingum um hvort legið hafi fyrir að umtalsverður kostnaður fylgdi þeirri ákvörðun að þiggja boð Barcelonaborgar um að Reykjavíkurborg yrði heiðursgestur á borgarhátíðinni La Mercé.



Samtök sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu

Borgarráð Reykjavíkur
Ráðhúsi v. Vonarstræti
101 REYKJAVÍK

Kópavogur, 18.05.2017
1504009 PG

Varðar: **Tillögu að samkomulagi um miðlun upplýsinga vegna daggæslu í heimahúsum**

Á stjórnarfund SSH hinn 8. maí s.l. lá fyrir tillaga skólamálanefndar SSH að samkomulagi sveitarfélaganna um miðlun upplýsinga vegna daggæslu í heimahúsum.

Stjórn SSH samþykkti að leggja til við aðildarsveitarfélögin að samkomulagið verði samþykkt.

Tillagan fylgir hjálagt.

Virðingarfyllst,

Páll Guðjónsson
framkvæmdastjóri SSH

Hjálagt:

- a) Tillaga að samkomulagi um miðlun upplýsinga vegna daggæslu í heimahúsum

Sveitarfélögin á höfuðborgarsvæðinu, Garðabær, Hafnarfjarðarbær, Kópavogsbær, Mosfellsbær, Reykjavíkurborg og Seltjarnarnesbær gera með sér svofellt

Samkomulag

um miðlun upplýsinga vegna daggæslu í heimahúsum

1. gr.

Markmið

Markmið þessa samkomulags er að sveitarfélög búi yfir réttum upplýsingum um fjölda barna hjá hverju dagforeldri með því að fá upplýsingar um fjölda barna, sem eiga lögheimili í öðrum sveitarfélögum, en eru í daggæslu í heimahúsi í viðkomandi sveitarfélagi. Slík upplýsingamiðlun stuðlar að því að sveitarfélögin geti sinnt lögboðnu eftirliti með starfsemi dagforeldra, sbr. 4. gr. og 35. gr. reglugerðar um daggæslu í heimahúsum, nr. 907/2005.

Markmið samkomulagsins er enn fremur að sveitarfélög fái upplýsingar frá öðrum sveitarfélögum um dagforeldra sem flytja á milli sveitarfélaga og sækja um nýtt leyfi í nýju sveitarfélagi. Slík upplýsingamiðlun stuðlar að því að ákvarðanir félagsmálanefnda um leyfisveitingu séu byggðar á réttum grunni, sbr. 4. tölul. 1. mgr. 13. gr. reglugerðar nr. 907/2005.

2. gr.

Upplýsingar um fjölda barna

Sveitarfélög skulu halda utan um upplýsingar vegna barna, sem eiga lögheimili í sveitarfélaginu, og eru í daggæslu í heimahúsi í öðrum sveitarfélögum. Upplýsingum skal miðlað til viðkomandi sveitarfélags.

Sveitarfélag A skal miðla eftirfarandi upplýsingum til sveitarfélags B:

1. Nöfn dagforeldra í sveitarfélagi B sem eru með börn í gæslu frá sveitarfélagi A.
2. Fjöldi barna frá sveitarfélagi A sem eru í dvöl hjá hverju dagforeldri í sveitarfélagi B.
3. Upphafstími dvalar hvers barns.

Miðlun upplýsinga skal fara fram að lágmarki fjórum sinnum á ári, eigi síðar en í lok mars, lok júní, lok september og lok desember, og þegar þess er óskað.

3. gr.

Umsögn um dagforeldri

Komi fram beiðni frá öðru sveitarfélagi, sem hefur til afgreiðslu umsókn um leyfi til daggæslu í heimahúsi, skal sveitarfélag veita umsögn um dagforeldri, hafi umsækjandi haft leyfi til daggæslu barna í heimahúsum í sveitarfélaginu, sbr. 4. tölul. 1. mgr. 13. gr. reglugerðar nr. 907/2005.

Í umsögn skal upplýst um lengd starfstíma, fjölda kvartana og meðaldvalartíma barna hjá viðkomandi dagforeldri.

4. gr.

Miðlun upplýsinga

Ávallt skal gæta að því að miðlun upplýsinga fari fram með öruggum hætti og gætt sé að ákvæðum laga um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga, nr. 77/2000.

5. gr.

Gildistaka

Samkomulag þetta er ótímabundið og tekur gildi við undirritun.

Kópavogi, _____

F.h. Garðabæjar

F.h. Kópavogsbæjar

F.h. Reykjavíkurborgar

F.h. Hafnarfjarðarbæjar

F.h. Mosfellsbæjar

F.h. Seltjarnarnesbæjar

BORGARRÁÐ 29.6.'17: Tillaga borgarráðsfulltrúa Framsóknar og flugvallarvina varðandi framsalstakmarkanir við endurnýjun lóðarleigusamninga - R17060226

Framsókn og flugvallavinir gera tillögu um SEA og borgarlögmaður útfæri og leggi fyrir borgarráð tillögur og hugmyndir um hvernig hægt er að setja framsalstakmarkanir/kvaðir í nýja lóðarleigusamninga, við endurnýjun lóðarleigusamninga eða breytingar þegar gildandi lóðarskilmálum er breytt, eða nýjr lóðarsamningar gerðir vegna sameininga lóða eða breytinga á lóðarmörkum, þannig að Óheimilt sé að framselja lóðir nema að ákveðnu byggingarstigi sé náð, t.d. fokheldi. Tillögur og hugmyndir skulu liggja fyrir eigi síðar en í lok ágúst 2017.

Greinargerð

Byggingalóðir innan Reykjavíkur eru í dag takmörkuð auðlind. Fasteignaverð í höfuðborginni hefur hækkað gríðarlega á undanförunum misserum og ekkert lát virðist vera þar á. Viðvarandi lóðarskortur er m.a. ástæða hækkana. Ekkert hefur gengið að fækka á biðlistum eftir félagslegu húsnæði, hvorki á þessu kjörtímabili né því síðasta og engar íbúðir virðast vera til fyrir Félagsbústaði til að kaupa, þrátt fyrir um 11 milljarða króna hagnað félagsins á síðasta ári.

Borgarfulltrúar sem og aðrir borgarbúar fá endurtekið upplýsingar um framsal á lóðum sem borgin hefur ráðstafað þar sem lóðir eru seldar með miklum hagnaði án þess að byggingarframkvæmdir séu einu sinni hafnar. Um fasteignamarkaðinn gilda engin lög eða reglugerðir, ólíkt því sem er um verðbréfamarkaðinn þar sem er mikið og flókið regluverk með töluverðri neytendavernd, t.d. ákvæði um fagfjárfesta. Því verða sveitafélög að bregðast við með þeim aðgerðum sem þeim eru tæk til að vernda neytendur (kaupendur fasteigna) og ein af þeim aðgerðum er það sem þessi tillaga snýr að.

Framsókn og flugvallarvinir hafa allt frá upphafi kjörtímabilsins á árinu 2014 bent á þörf á því að koma á framsalstakmörkunum til að koma í veg fyrir óeðlileg viðskipti með lóðir.

Sé litið til verðbólumælinga í maí 2017 þá hafa aðeins tveir liðir hækkað umfram 2,5% verðbólugumarkmið Seðlabankans og það er húsnæðisliður og opinber þjónusta. Fagaðilar eins og SA hafa bent á að hækkandi húsnæðisverð má öðru fremur rekja til framboðsskorts á lóðum og húsnæði almennt, en húsnæðisliðurinn hefur hækkað á þessu ári um 15,8%. Þetta hefur að sjálfsögðu bein áhrif til hækkunar á húsnæðislánum íbúa um land allt, ekki aðeins í höfuðborginni.

Þegar slíkur viðvarandi framboðsskortur er á lóðum eins og nú er staðreynd er mikilvægt að sýna ábyrga stjórnsýslu með því m.a. að setja inn framsalstakmarkanir/kvaðir á lóðarsamninga eins og tillagan kveður á um. Ef breytingar verða á ytri aðstæðum og jafnvægi hefur náðst, hefur Reykjavíkurborg alltaf heimild til að breyta þessu aftur eða falla frá takmörkunum í einstökum tilvikum.

Þá er mikilvægt er að þeir aðilar sem borgin gerir samninga við sýni staðfestu í að klára þau verkefni sem þeir falast eftir með samningum við borgina.

Framsaltakmarkanir hafa verið í lóðarleigusamningum sem gerðir hafa verið af Reykjavíkurborg áður, en horfið var frá þeirri stefnu eftir efnhagshrunið.

Reykjavíkurborg er í lófa lagið að bregðast við þeirri húsnæðiseklu sem nú er staðreynd á markaðnum og er þessi tillaga einn liður í þeim efnum.

BORGARRÁÐ 29. júní 2017: Tillaga borgarráðsfulltrúa Sjálfstæðisflokksins um úthlutun lóða í Suður-Mjódd til félags eldri borgara - R17060227

Lagt er til að Félagi eldri borgara verði úthlutað lóð undir fjölbýlishús í Syðri-Mjódd til viðbótar þeim tveimur lóðum sem félaginu hefur nú þegar verið úthlutað á svæðinu. Mikil spurn er eftir íbúðum félagsins og ljóst að það þarf á fleiri lóðum að halda til að geta svarað henni. Margvíslegt hagræði verður af því að úthluta félaginu slíkri viðbótarlóð sem næst öðrum lóðum er félagið hefur nú þegar fengið til uppbyggingar í Mjóddinni. Ljóst er t.d. að hagkvæmt er að koma slíkri viðbótarlóð fyrir sem næst þjónustumiðstöð velferðarsviðs að Árskógum 4 sem veitir eldri borgurum mikilvæga þjónustu.